



Alþingi  
Erindi nr. P 135/1961  
komudagur 1.4.2008

Nefndasvið Alþingis  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 31. mars 2008

**Efni: Ályktun búnaðarþings um íslenska geitfjárstofninn**

*Tilv: 2007120007*

Eftirfarandi ályktun um íslenska geitfjárstofninn var samþykkt á búnaðarþingi 2008

"Búnaðarþing 2008 leggur áherslu á varðveislu íslenska geitfjárstofnsins. Leita þarf leiða til að á öllum landsvæðum séu möguleikar á að varðveita stofninn. Lagt er til að stuðningur við geitfjárrækt verði eflur sem og rannsóknir á stofninum. Búnaðarþing styður tillögu til þingsályktunar um eflingu íslenska geitfjárstofnsins sem nú liggur fyrir Alþingi og flutt er af þingmönnum úr öllum flokkum.

**Greinargerð:**

Íslenski geitfjárstofninn er einstakur í sinni röð fyrir hreinleika sakir. Stofninn er sá sami frá landnámsöld. Eins og staðan er í dag er stofninn í útrýmingarhættu þar sem ekki eru nema rúmlega 400 geitur í landinu á 44 búum.

Nokkur sauðfjárveikivarnarhólf landsins eiga þess ekki kost að fá geitur og geta því ekki tekið þátt í varðveislu stofnsins. Leita þarf leiða, með sóttkví eða á annan hátt, til þess að sem flestir geti tekið þátt í að viðhalda stofninum.

Opinber stuðningur er greiddur á allt að 20 skýrslufærðar geitur á hverju búi eða um 6.000 krónur á grip á ári. Þessi stuðningur þarf að vera á allar skýrslufærðar geitur.

Geitastofninn hefur mikla sérstöðu. Í honum er Kasmír ullargen sem gefur fína og mjúka ull. Mjólkin er kólesteróllaus, veldur ekki mjólkurópoli og hentar oft sjúklingum. Einnig er geitaostur vinsæl afurð sem verið er að gera tilraunir með. Mikil eftirspurn er eftir kjötinu og ekki vandamál að selja það.

Verið er að reikna út skyldleika stofnsins með erfðafræðirannsóknum, en lítill breytileiki virðist vera í erfðamengi íslensku geitarinnar.

Auka þarf stuðning strax og efla rannsóknir á erfðamengi og atferli sem nýta má til að tryggja stækkun geitstofnsins."

Ályktuninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Eiríkur Blöndal